

Faghópur 2
6. áfangi rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða
4. fundur, 18.03.2026, kl. 15:00-16:15
Fundur haldinn í netheimum

Mætt: Agnes Brá Birgisdóttir (ABB), Ásdís Hlökk Theodórsdóttir (ÁHT), Einar Torfi Finnsson (ETF) og Hjörleifur Finnsson (HF).

Forföll: Bryndís Marteinsdóttir (BM), Gunnar Þór Jóhannesson (GþJ), Hlynur Bárðarson (HB) og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir (SSJ).

Fundarritari: ÁHT

Fundur settur kl. 15:00

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.

2. Frá verkefnisstjórn
ÁHT fór yfir stöðuna.

- a. Erindi frá verkefnisstjórn um flokkun vindorkuhugmynda úr RÁ5 m.t.t. frumvarps um sérreglur um vindorku. Samkvæmt áður framkomnum upplýsingum frá formanni verkefnisstjórnar dugar að horfa bara á fjórar vindorkuhugmyndir, þ.e. Garpsdal, Hnotastein, Sólheima og Hrutavirkjun. Landsnet hefur lagt fram minnisblað um tengsl þessara virkjunarhugmynda við raforkukerfið. Frumvarp ráðherra hefur verið afgreitt úr ríkisstjórn en er ekki komið fram á Alþingi.
- b. Afturköllun friðlýsinga – endurmat átta virkjunarhugmynda úr RÁ2 og/eða afmörkun svæða sem friðlýst voru gegn orkuvinnslu. Fundur hefur verið haldinn með fulltrúum ráðuneytisins. Hann sátu formaður og starfsmaður verkefnisstjórnar og formenn faghópa. Verkefnisstjórn mun taka málið fyrir og ákveða hvort leita þurfti til faghópa um það.
- c. Verkefnisstjórn fundar með formönnum faghópa 27. mars nk. Á dagskrá eru nýmæli í lögum um rammaáætlun og meðferð friðuðu svæðanna.

3. Breytingar á lögum um rammaáætlun

ÁHT fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á rammaáætlunarlögunum með lagabreytingu sem Alþingi samþykkti 19. febrúar 2026 og tók gildi 3. mars 2026.

4. Verklag og aðferðir

Umræðu um verklag og aðferðir faghóps 2 varðandi mat á áhrifum virkjunarhugmynda á landbúnað og veiðinytjar frestað til næsta fundar vegna forfalla á fundinum.

5. Önnur mál

- a. Næsti fundur er áformaður 1. apríl. Stefnt að því að taka þá umræðu um verklag og aðferðir faghóps 2 varðandi mat á áhrifum virkjunarhugmynda á landbúnað og veiðinytjar. Einnig að hefja vinnu við afgreiðslu erindis verkefnisstjórnar um vindorkuhugmyndir og frumvarp ráðherra.

Fundi slitið kl. 16:15